



# Verkamannafélagið "HLÍF"

Hafnarfirði - Símar: 50987 og 50944 - Pox 218

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120 / 1448*

*komudagur 16/4 1996*

Hafnarfirði 12. apríl 1996

Félagsmálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 - Reykjavík

Verkamannafélagið Hlíf mótmælir því harðlega að félagsmálaráðherra og ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að leggja fram á alþingi frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfnni og eyðileggja þannig í reynd þær viðræður sem voru í gangi í milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur á vinnumarkaði og endurskoðun þeirra.

Með frumvarpinu, sem lagt er fram í fullri andstöðu við verkalyðshreyfinguna, er verið að ganga þvert gegn þeim þríhliðasamskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um mótun samskiptareglna á vinnumarkaði sem hér hafa þróast á undanförunum árum.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkamannafélagsins Hlífar skorar á félagsmálanefnd að leggja frumvarpið til hliðar og stuðla þannig að því að samtök launafólks og atvinnurekenda gefist tækifæri til að semja sín í milli um þær leikreglur sem þeim er ætlað að starfa eftir.

Virðingarfyllst  
F.h. V.m.f. Hlífar

Sig. T. Sigurðsson